

Lög um Hugrekki

KRÓKÓDÍL

Ef að sérðu krókódíl í þínu baðkeri,
vertu ekki við hann hræddur, sýndu hugrekki
og bjóddu honum inn í stofu, þar að snæðingi.
Ef að situr stærðar górilla í geymslunni,
skaltu taka því með ró, þú veist af reynslunni
að ef hún fær tvo banana hún sýnir kurteisi.
Ef að liggur stærðar ljón á þínu skrifborði,
skaltu ekki kalla á mömmu þína í ofboði,
heldur klappa því á bakið svo það steinsofni.

FISKALAGIÐ

Nú skulum við syngja um fi skana tvo.
Þeir ævi sína enduðu í netunum svo.
Þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði: „vatnið er kalt“.
:,:Ba ba, bú bú, ba ba, bú:,:
Þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði vatnið er kalt.
Annar hét Gunnar og hinn hét Geir.
Þeir voru pínulitlir báðir tveir.
Þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði: ~„vatnið er kalt“.
:,:Ba ba, bú bú, ba ba, bú:,:
Þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði: „vatnið er kalt“.

KALLI LITLI KÓNGULÓ

Kalli litli kónguló
klifraði upp í tré.
Þá kom regnið og Kalli litli datt.
Upp kom sólin og þerraði hans kropp
og Kalli litli kónguló klifraði upp í topp.

SIGGI VAR ÚTI

Siggi var úti með ærnar í haga,
allar þær stukku þá suður í mó.
Smeykur um holtin var hann að vaga,
vissi hann að lágfóta dældirnar smó.
:;Agg gagg gagg sagði tófan á grjóti:;
Gráleitum augunum trúi ég hún gjóti
aumingja Siggi hann þorir ekki heim.

UPP Á GRÆNUM

A: Upp á grænum, grænum himinháum hól,
B: sá ég hérahjónin ganga.
C: Hann með trommu (bomm, bommm, bommm,
borommm, bommm, bommm)
D: hún með fiðlu sér við vanga.
E: Þá læddist að þeim ljótur byssukarl, sem miðaði í hvelli.
F: En hann hitti bara trommuna sem small,
G: og þau hlupu og héldu velli.

UPP Á GRÆNUM - Leiklýsing:

A: Börnin mynda hól með höndunum

B: Þumalfi ngur við eyrun, hinir fi ngurnir vinka aðeins, hermt eftir eyrum hérans.

C: Hermt að leikið sé á stóra trommu.

D: Hermt að leikið sé á fi ðlu.

E: Læðst á tám, leika ljótan byssukarl.

F: Leikið að byssu sé miðað.

G: Armar færðir hægt út til hliðar og á orðinu „small“ er lófum klappað saman einu sinni.

H: Hlaupið á staðnum og klappað á læri um leið.

VEISTU AÐ ÉG Á LÍTINN DRENG

Veistu að ég á lítinn dreng sem labbar langt í burtu og rekur margar kýr.

∴ Hann er alveg eins og pabbi forðum elskar land og sjó og menn og dýr. ∴

VÖGGUVÍSA

Dvel ég í draumahöll
og dagana lofa.

Litlar mýs um löndin öll,
liggja nú og sofa.

Sígur ró á djúp og dal,
dýr til hvílu ganga.

Einnig sofna skolli skal,
með skottið undir vanga.